

**Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara um meint brot á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, 19. og 64. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög.**

Fjármálaeftirlitið vísaði þann 7. september 2009 máli til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara, vegna meintra brota á hegningarlögum, lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um hlutafélög vegna kaupa einkahlutafélags á stofnfjárbréfum í sparisjóði og gruns um refsiverða háttsemi stjórnenda tveggja fjármálafyrirtækja í tengslum við það ástand sem skapaðist á fjármálamarkaði við setningu laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Viðskiptin áttu sér stað haustið 2008 og vöktu grunsemdir vegna óvenjulegra lánveitinga til kaupanna.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.